



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Leikritinn minn ekki búinn

*Athugun á setningafræðilegri kunnáttu íslenskra barna með
Downs-heilkenni*

Ritgerð til B.A.-prófs

Ásta Kristín Ingólfssdóttir

Maí 2011

Háskóli Íslands

Íslensku- og menningardeild

Almenn málvísindi

Leikritinn minn ekki búinn

*Athugun á setningafræðilegri kunnáttu íslenskra barna með
Downs-heilkenni*

Ritgerð til B.A.-prófs

Ásta Kristín Ingólfssdóttir

Kt.: 100188-2609

Leiðbeinandi: Sigríður Sigurjónsdóttir

Maí 2011

Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til B.A.-prófs í almennum málvísindum á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Aðalviðfangsefni ritgerðarinnar er setningafræðileg kunnátta þriggja íslenskra barna með Downs-heilkenni. Downs-heilkenni er litningagalli sem veldur andlegum og líkamlegum misþroska. Börnin sem fylgst var með ganga undir dulnefnunum Edda, Hildur og Þór í ritgerðinni og eru á aldrinum 10 til 13 ára. Málþroski barnanna er langt á eftir málþroska jafnaldra þeirra og svipar til málþroska barna um þriggja ára aldur. Meginniðurstöður eru þær að setningar í máli Eddu, Hildar og Þórs eru enn svipaðar og í máli mun yngri barna. Setningarnar eru gjarnan stuttar en hafa rétta orðaröð. Málfræðislegum kerfisorðum, eins og hjálparsögnum, forsetningum og öðrum smáorðum, er oft sleppt í máli Eddu, Hildar og Þórs sem bendir til þess að þau ráði illa við að nota orð sem gegna málfræðilegu hlutverki. Sagnir standa yfirleitt í nafnhætti og börnin eru komin mislangt í að mynda persónubeygðar sagnir. Edda myndar einungis sagnir í nafnhætti og Hildur myndar nokkrar persónubeygðar sagnir í nútíð en notar yfirleitt sagnir í nafnhætti í stað persónubeygðra sagna. Þótt Þór sé yngstur af börnunum þremur er hann kominn lengst í málþroska og myndar persónubeygðar sagnir í nútíð og nokkrar persónubeygðar sagnir í þátíð. Hann virðist ekki alhæfa eina þátíðarendingu veikra sagna heldur myndar líka nokkrar sterkar sagnir í þátíð rétt. Börnin þekkja stöðu sagna í setningum, þ.e. hafa sögn í nafnhætti innan sagnliðarins en færa sögnina frammar í setninguna þegar hún er persónubeygð. Niðurstöður benda til að íslensk börn með Downs-heilkenni séu talsvert seinni að tileinka sér reglur um setningamyndun í íslensku en börn sem ganga í gegnum eðlilega máltöku. Málfræðileg kerfisorð og tíð sagna virðist einnig lærast hægt, rétt eins og erlendar rannsóknir á börnum með Downs-heilkenni hafa sýnt.

Formáli

Áhugi minn á einstaklingum með Downs-heilkenni hefur verið til staðar um margra ára skeið og þegar ég, á þriðja ári í námi við Háskóla Íslands, þurfti að velja mér efni í lokaritgerð fannst mér fátt annað koma til greina en að skoða málkunnáttu barna með Downs-heilkenni. Í desember 2010 leitaði ég því til Sigríðar Sigurjónsdóttur, prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, og tók hún því vel að leiðbeina mér. Í framhaldi af því safnaði ég málsýnum frá þremur íslenskum börnum með Downs-heilkenni á aldrinum 10 til 13 ára, en þau fengu dulnefnin Edda, Hildur og Þór. Markmiðið með þessari ritgerð er fyrst og fremst að gefa lýsandi yfirlit yfir helstu einkenni Downs-heilkennis með áherslu á þau sem hafa áhrif á málþroskann. Seinkun í málþroska barna með Downs-heilkenni virðist mismikil en flestar rannsóknir benda til þess að seinkun í setningafræðilegri kunnáttu þeirra sé meiri en á öðrum sviðum málkunnáttunnar. Af þeirri ástæðu skoðaði ég setningafræðilega kunnáttu Eddu, Hildar og Þórs.

Ég vil færa Sigríði Sigurjónsdóttur mínar bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og aðstoð við gerð þessarar ritgerðar. Auk þess vil ég þakka Eddu, Hildi og Þór fyrir frábært samstarf og foreldrum þeirra fyrir að leyfa mér að nota gögn frá þeim í þessa ritgerð. Að lokum vil ég þakka kærasta mínum, Pétri Hanssyni, fyrir stuðning og þolinmæði á undanförunum mánuðum.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Formáli	2
Efnisyfirlit	3
1. Inngangur	4
2. Downs-heilkenni	6
2.1 Erfðafræðileg lýsing	6
2.2 Tíðni	8
2.3 Einkenni	9
2.4 Læknisfræðileg vandamál	10
2.5 Þroski barna með Downs-heilkenni	11
3. Máltaka barna	13
3.1 Eðlileg máltaka	13
3.2 Nafnháttarstig og sagnfærsla í eðlilegri máltöku	15
3.3 Máltaka barna með Downs-heilkenni	17
4. Setningafræðileg kunnátta Eddu, Hildar og Þórs	19
4.1 Tveggja orða setningar í máli Eddu, Hildar og Þórs	19
4.2 Nafnháttur í máli Eddu, Hildar og Þórs	21
4.3 Sagnfærsla í máli Eddu, Hildar og Þórs	24
4.4. Sögnum sleppt	26
5. Þátíð sagna í barnamáli	29
5.1 Kenningar um þátíð sagna í máltöku	30
5.2 Persónubeygðar sagnir í máli Þórs	31
6. Samantekt og lokaorð	34
Heimildir	36

1. Inngangur

Rannsóknir á máltöku barna sýna að máltakan þarf að eiga sér stað á ákveðnu tímabili í æsku. Talað er um máltökuskeið eða markaldur í máltöku og er þá átt við tímabilið frá fæðingu og fram að kynþroska. Börn verða að læra móðurmál sitt á þessum markaldri annars er ekki hægt að tala um að þau hafi neitt mál að móðurmáli. Rannsóknir benda einnig til þess að börn nái ekki fullum tókum á móðurmáli sínu nema máltakan fari fram fyrir 4 til 6 ára aldurinn (Sigríður Sigurjónsdóttir 2000:30). Flest börn læra móðurmál sitt hjálparlaust og án nokkurra áreynslu en þetta á þó ekki við um öll börn. Málörðugleikar barna geta verið af ýmsum toga og eru oft til staðar hjá börnum með þroskafrávik eða fötlun að einhverju leyti (sjá Ester Sighvatsdóttur og Sigríði Magnúsdóttur 2004:16). Downs-heilkenni er ein algengasta orsök þroskahömlunar en þroskahömlun fylgir oft seinkun í málþroska. Máltaka barna með Downs-heilkenni gengur því hægar fyrir sig en hjá börnum með eðlilegan málþroska og þegar máltökuskeiðinu lýkur eiga þau oft eftir að tileinka sér ýmis atriði í móðurmálinu. Eftir kynþroska bætist lítið við málkunnáttuna og því er málkunnátta fullorðinna einstaklinga með Downs-heilkenni yfirleitt svipuð og hjá mun yngri einstaklingum.

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er setningafræðileg kunnátta barna með Downs-heilkenni. Safnað var málsýnum frá þremur íslenskum börnum með Downs-heilkenni, Eddu, Hildi og Þór, sem eru á aldrinum 10 til 13 ára. Miðað við aldur ættu börnin fyrir löngu að vera hætt að mynda setningar með sögn í nafnhætti en athugun á setningafræðilegri kunnáttu þeirra leiddi í ljós að þau mynda oftast setningar með sögnum í nafnhætti þar sem í máli fullorðinna væru persónubeygðar sagnir. Börnin virðast þekkja formgerð setninga í íslensku því þau virða reglur um stöðu sagna í setningum sem gilda einnig í máli fullorðinna. Þannig standa sagnir í nafnhætti á eftir setningaratviksorði en persónubeygðar sagnir standa á undan setningaratviksorði. Þór er sá eini af börnunum þremur sem myndar nokkrar persónubeygðar sagnir í þátíð en stelpurnar nota nafnhátt í staðinn. Þetta bendir til þess að Þór sé kominn lengra í máltökunni en Edda og Hildur. Börnin sleppa stundum ákveðnum sögnum í setningum. Oftast er það sögnin *vera* en einnig eru dæmi um setningar þar sem forsetningum er sleppt.

Efnisskipan ritgerðarinnar er sem hér segir: Kafli 2 skiptist í fimm undirkafla þar sem fjallað er um Downs-heilkenni. Í kafla 2.1 er erfðafræðileg lýsing á Downs-heilkenni og í kafla 2.2 er fjallað um tíðni þess. Í kafla 2.3 er litið á helstu einkenni Downs-heilkennis. Læknisfræðileg vandamál eru rætt í kafla 2.4 og í kafla 2.5 er fjallað almennt um þroska barna með Downs-heilkenni. 3. kafli ritgerðarinnar fjallar um máltöku barna. Í kafla 3.1 er farið yfir fyrstu stigin í eðlilegri máltöku. Í kafla 3.2 er nafnháttarstigi í eðlilegri máltöku lýst og í kafla 3.3 er rætt um máltöku barna með Downs-heilkenni. Í 4. kafla eru Edda, Hildur og Þór kynnt til sögunnar og setningafræðilegri kunnáttu þeirra lýst. Kaflinn skiptist í fjóra undirkafla. Kafli 4.1 fjallar um tveggja orða setningar í máli Eddu, Hildar og Þórs. Í kafla 4.2 er sýnt fram á að börnin séu á svokölluðu nafnháttarstigi í máltöku og í kafla 4.3 er fjallað um stöðu sagna í setningum þeirra. Í kafla 4.4 er svo fjallað um sagnir sem Edda, Hildur og Þór sleppa í sumum setningum. Kafli 5 fjallar um þátíð sagna í barnamáli. Í kafla 5.1 eru tvær kenningar um það hvernig börn læra þátíð sagna útskýrðar og í kafla 5.2 er rætt um persónubeygðar sagnir í máli Þórs. Í 6. kafla eru svo lokaorð og helstu niðurstöður dregnar saman.

2. Downs-heilkenni

Í þessum kafla verður fjallað um Downs-heilkenni og þau einkenni sem fylgja heilkenninu. Erfðafræðilegri lýsingu á heilkenninu er að finna í kafla 2.1 og tíðni þess í kafla 2.2. Í kafla 2.3 er svo litið á helstu einkenni Downs-heilkennis og læknisfræðileg vandamál því tengd í kafla 2.4. Að lokum er fjallað almennt um þroska barna með Downs-heilkenni í kafla 2.5.

2.1 Erfðafræðileg lýsing

Líkami allra lífvera er búinn til úr fjölda frumna. Í hverri frumu líkamans, nema í rauðu blóðkornunum, er frumukjarni en frumukjarninn er samsettur af litningum sem liggja samanvafðir í hnykil. Litningarnir samstanda af kjarnasýrunni DNA og prótínum og í hverjum frumukjarna eru 46 litningar. Litningarnir eru misjafnlega stórir og eru númeraðir frá 1 til 22 eftir stærð. Litningarnir standa saman tveir og tveir og mynda þannig 22 litningapör. Síðustu tveir litningarnir, sem mynda 23. litningaparið, eru kynlitningar og eru þeir nefndir X- og Y-litningur. Karlmenn hafa einn X-litning og einn Y-litning en konur hafa tvo X-litninga (Annerén o.fl. 2000:18).


Við myndun kynfrumna verður svonefnd rýriskipting (e. *meiosis*). Móðurfruma skiptir sér þá tvisvar í tvennt og úr henni myndast fjórar dótturfrumur, þ.e.a.s. 4 sæðisfrumur hjá körlum og eggfruma hjá konum, með hálfan litningafjölda móðurfrumunnar eða 23 litninga. Við frjóvgun tengjast litningar sæðisfrumunnar litningum eggfrumunnar og grundvöllur að nýju lífi er lagður með 46 litninga frumu (Annerén o.fl. 2000:19). Ójafnvægi í litningafjölda frumna við rýriskiptingu getur valdið litningagalla. Þegar talað er um litningagalla er átt við þegar litningar skiptast ekki jafnt á milli frumna heldur verður t.d. til ein fruma með 22 litninga og önnur með 24 litninga. Litningagalli leiðir yfirleitt til fósturláts en talið er að um tíunda hver þungun endi með fósturláti vegna litningagalla í fóstri. Í stöku tilvikum kemur þó fyrir að barn fæðist með aukalitning (Annerén o.fl. 2000:19).

Litningagallar geta valdið líkamlegum eða andlegum annmörkum en þeim er oft skipt í tvo meginflokka, byggingargalla annars vegar og fjöldagalla hins vegar. Byggingargalli er þegar bygging og útlit einstakra litninga er afbrigðilegt en fjöldagalli er þegar fjöldi litninga í hverri frumu er frábrugðinn eðlilegum litningafjölda, þ.e.a.s. litningum er ýmist ofaukið eða litning vantar. Byggingargallar eru sjaldgæfari en fjöldagallar, en dæmi um fjöldagalla eru einstæða (e. *monosomy*),

þríðstæða (e. *trisomy*) og fjöllitnun (e. *triploidy*). Þekktustu litningagallarnir hjá mönnum eru þrístæða 21, þrístæða 18, þrístæða 13, einstæða X og auka kynlitningar (Jóhann H. Jóhannsson 2001:452).

Þrístæða 21 er algengasti litningagallinn og veldur Downs-heilkenni. Þrenns konar afbrigði litningagalla sem valda Downs-heilkenni eru þekkt: ófullkominn aðskilnaður, yfirfærsla og tíglun (e. *mosaic*). Í um það bil 95% tilvika stafar þrístæða 21 af ófullkomnum aðskilnaði í skiptingu kynfrumna. Aukalitningurinn kemur í 90% tilvika frá móður barnsins vegna truflunar við eggfrumuskiptingu en í 5% tilvika kemur aukalitningurinn vegna truflunar í skiptingu sáðfrumna og þar með frá föður barnsins. Á mynd 1 hér fyrir neðan má sjá 23 litningapör með þrístæðu 21.

Mynd 1. 23 litningapör með þrístæðu 21.



Næstalgengasta litningaafbrigðið er svonefnd litningayfirfærsla eða tilfærsla en þessa gerð litningaafbrigðis má finna hjá 3-4% einstaklinga með Downs-heilkenni (Batshaw 2007:6). Við litningayfirfærslu festist aukalitningur 21 við annan litning, oftast litning númer 14, 21 eða 22. Enginn munur er á barni sem fæðist með Downs-heilkenni vegna ófullkomins aðskilnaðar eða litningayfirfærslu. Í báðum tilvikum er aukalitningur 21 til staðar í öllum frumum (Roizen 2007:263).

Þriðja litningaafbrigðið kemur fyrir í einungis 1-2% tilfella og er því afar sjaldgæft. Litningaafbrigðið er kallað tíglun vegna þess að það felur í sér blöndun á frumum með eðlilega litningaröðun og frumum með þrístæðu 21. Tíglun verður vegna

truflunar í skiptingu litninga á byrjunarstigi frjóvgaðrar kynfrumu. Einstaklingur með tíglun eru oft með útlitseinkenni Downs-heilkennis en líkamleg og vitsmunaleg skerðing getur verið mun minni en hjá öðrum með heilkennið (Batslaw 2007:6-7 og Sólveig Sigurðardóttir 2001).

2.2 Tíðni

Tíðni fæddra barna með Downs-heilkenni hefur lækkað töluvert á síðustu áratugum. Á sjöunda áratugi síðustu aldar var tíðni fæddra barna með Downs-heilkenni 1,33 af hverjum 1000 börnum en sú tala hefur lækkað talsvert og er nú talið að 0,92 af hverjum 1000 lifandi fæddum börnum fæðist með heilkennið (Roizen 2007:264). Í byrjun 21. aldar var áætlað nýgengi Downs-heilkennis á Íslandi 1:850 (Sólveig Sigurðardóttir 2001:18) en búast má við að sú tala hafi lækkað þó nokkuð síðastliðin ár. Samkvæmt fæðingaskráningu fyrir árið 2008 fæddust alls 4863 börn á Íslandi og voru aðeins 3 þeirra með Downs-heilkenni, þ.e. 0,63 af hverjum 1000 lifandi fæddum börnum (Landspítali 2008).

Meginástæða þess að tíðni fæddra barna með Downs-heilkenni hefur lækkað töluvert síðastliðinn áratug er fósturskimun og fósturgreining. Kerfisbundin kembileit (e. *mass screening*) á fósturgöllum í formi fósturskimunar hefur aukist á síðasta áratugi en um síðustu aldamót hófst skimun á fósturum með Downs-heilkenni og öðrum fósturgöllum fyrir á meðgöngu en þekktist áður. Fósturskimunin fer fram á 11.-14. viku meðgöngu og felur í sér hnakkþykktarmælingu á fóstri með ómsjá, blóðprufu og samþættu líkindamati þar sem tekið er mið af aldri móður og lengd meðgöngunnar. Ef fósturskimunin bendir til að auknar líkur séu á að fóstrið sé með litningagalla gefst kostur á fósturgreiningu (Anna Björg Aradóttir o.fl. 2010.). Fósturskimun á 11.-14. viku stendur öllum verðandi mæðrum til boða óháð aldri en áður fyrir var einungis konum 35 ára og eldri boðið að fara í legvatnsástungu við 15. viku meðgöngunnar til athugunar á litningagerð fósturs (Anna Björg Aradóttir o.fl. 2010 og Hildur Harðardóttir 2001:36-37). Líkurnar á litningagöllum í fósturum fara hækkandi með aldri móður en líkur á því að 25 ára gömul kona fæði barn með Downs-heilkenni eru 1 á móti 2000 en hækka í 1 á móti 400 hjá konu 35 ára og eldri (Sólveig Sigurðardóttir 2001:15).

Vegna þessara breytinga á fósturskimun er hægt að greina mun fleiri fósturgalla snemma á meðgöngu. Samkvæmt fæðingaskráningu fyrir árið 2008

greindust 10 fóstur með þrístæðu 21 og í öllum tilvikum lauk meðgöngu með fóstureyðingu. Árið 2008 fæddust þó 3 börn með Downs-heilkenni sem voru ekki greind á meðgöngu (Landspítali 2008:28-29).

2.3 Einkenni

Downs-heilkenni greinist yfirleitt fljótlega eftir fæðingu því ákveðin útlitseinkenni fylgja heilkenninu (Roizen 2002). Þau eru m.a. flatt andlitsfall, lítið höfuð með flötum hnakka, mikil hnakkahúð og húðfellingar á hálsi, skásett augu, stök þverrák í lófa, lágstæð ytri eyru með fáum fellungum, tungan stendur fram úr munninum, lág vöðvaspenna og of hreyfanleg liðamót (Annerén o.fl. 2000:13-14 og Sólveig Sigurðardóttir 2001). Börn með Downs-heilkenni geta verið með mörg eða fá af þessum útlitseinkennum en einkennin hafa ekkert að segja um þroska barnsins (Annerén o.fl. 2000:14).

Öll börn með Downs-heilkenni eru vöðvaslökk við fæðingu en rannsóknir hafa sýnt að vöðvaslappleiki (e. *hypotonia*) hefur áhrif á þroska og samhæfingu hreyfigetu og skynjunar (Annerén o.fl. 2000:33 og Roizen 2007:268). Börn með Downs-heilkenni eru að meðaltali farin að sitja óstudd um 11 mánaða aldur og ganga um 24 mánaða aldur en börn með eðlilegan hreyfiþroska sitja yfirleitt óstudd um 7 mánaða aldur og eru farin að ganga um 15 mánaða aldur. Hreyfiþroski barna með Downs-heilkenni er því seinn miðað við hreyfiþroska jafnaldra þeirra. Vöðvaslappleikinn er einkum til staðar á fyrstu árum barnsins því með tímanum eykst vöðvaspennan. Samhæfingu hreyfinga skortir þó fram eftir aldri og gerir það vandamt fyrir einstaklinga með Downs-heilkenni að hreyfa sig með mikilli nákvæmni og hraða (Annerén o.fl. 2000:34, 63, sjá einnig Winders 1997:227-228).

Líkamsvöxtur barna og unglunga með Downs-heilkenni er að jafnaði hægari en hjá öðrum. Á meðgöngu vex barnið tiltölulega eðlilega og fram að 6 mánaða aldri en síðan hægir á vaxtarhraðanum. Á unglingsárunum er líkamsvöxtur minni hjá einstaklingum með Downs-heilkenni en hjá jafnöldrum og fullorðnir einstaklingar með Downs-heilkenni eru að meðaltali tveimur til fjórum staðalfrávikum undir meðalhæð fullorðinna almennt (Annerén o.fl. 2000:51-52).

Einstaklingar með Downs-heilkenni verða kynþroska á svipuðum aldri og aðrir unglingar (Carr 1995:51). Kvenmenn með Downs-heilkenni eru frjórir og geta eignast börn rétt eins og aðrir kvenmenn en þar sem móðirin er með þrjá litninga 21

sem skiptast í tvennt við frjóvgun eru helmings líkur á því að barnið verði með Downs-heilkenni. Karlmennt með Downs-heilkenni eru hins vegar yfirleitt ófrjóir (Annerén o.fl. 2000:53).

2.4 Læknisfræðileg vandamál

Börn með Downs-heilkenni eru í aukinni hættu á að fæðast með líffæragalla og geta þróað með sér ýmsa sjúkdóma (Annerén o.fl. 2000:39 og Roizen 2007:264). Meðfæddur hjartagalli er alvarlegasta afbrigðið en flestar rannsóknir sýna að u.þ.b. helmingur barna með Downs-heilkenni fæðist með hjartagalla. Oftast er um að ræða op á milli slegla og gátta (e. *atrioventricular septal defect*) eða lokuvísagalla (e. *endocardial cushion defect*) en þessir hjartagallar eru sjaldgæfir hjá börnum almennt. Hjartagallarnir eru oft alvarlegir og þarfnast meðferðar fyrr eða síðar (Roizen 2007:265, Sólveig Sigurðardóttir 2001:17, sjá einnig Annerén o.fl. 2000:40).

Sjón- og heyrnarvandamál eru einnig algeng hjá börnum með Downs-heilkenni. Sjónskerðing er algeng meðal þeirra og þurfa u.þ.b. 80% þeirra á gleraugum að halda (Annerén o.fl. 2000:42). Um 70% barna með Downs-heilkenni eru heyrnarskert en heyrnarskerðingin stafar í flestum tilvikum af vökva á bak við hljóðhinnuna eða merg í eyrnagöngum. Heyrnarskerðing hjá börnum með Downs-heilkenni er yfirleitt ekki alvarleg en getur þó valdið erfiðleikum fyrir barnið. Heyrnarskerðing hefur meðal annars áhrif á máltöku en talið er að um 10% málerfiðleika barna með Downs-heilkenni stafi af heyrnarleysi í bernsku (Roizen 2007:265).

Stundum er talað um að einstaklingar með Downs-heilkenni séu ávallt glaðir og brosandir. Einstaklingar með Downs-heilkenni eru þó mjög ólíkir innbyrðis líkt og annað fólk (Carr 1995:6-7) og eru félagsleg og geðræn vandamál ekki óalgeng hjá þeim. Taugaraskanir, svo sem flogaveiki, einhverfa, athyglisbrestur og ofvirkni, hafa verið tengdar við Downs-heilkenni. Flogaveiki er algengari hjá fullorðnum með Downs-heilkenni en hjá öðrum fullorðnum, en tíðni flogaveiki meðal einstaklinga með Downs-heilkenni er þó lægri en meðal annarra einstaklinga með þroskahömlun (Cohen og Patterson 1999:45). Tengsl milli Downs-heilkennis og einhverfu hafa nú verið viðurkennd en áður fyrr var talið að erfiðleikar barna með Downs-heilkenni við að aðlagast félagslega stöfuðu af þroskahömluninni sem fylgir litningagallanum.

Einhverfu fylgir oft seinkun í málþroska og félagslegri færni er oftast nær ábótavant (Cohen og Patterson 1999:46).

Hegðunarvandamál eru einnig vel þekkt meðal barna með Downs-heilkenni. Hegðunarraskanir á borð við athyglisbrest og ofvirkni má finna meðal barna með Downs-heilkenni. Í sumum tilvikum getur þó verið erfitt að greina slíka röskun vegna þess að einkenni hennar eru stundum talin einkenni Downs-heilkennis (Cohen og Patterson 1999:48). Erfiðleikar í samskiptum vegna seinkunar í málþroska leiða einnig stundum til hegðunarvandamála en seinkun í málþroska er einmitt eitt einkenni þroskahömlunar (Carlson og Smith 1999:116).

2.5 Þroski barna með Downs-heilkenni

Downs-heilkenni er ein algengasta orsök þroskahömlunar (Miller, Leddy og Leavitt 1999:1) en þroskahömlun einkennist fyrst og fremst af frávikum í vitsmunapróska og aðlögunarfærni. Á Íslandi er greining á þroskahömlun miðuð við flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, hið svokallaða ICD-10 kerfi, þar sem þroskahömlun er metin með stöðluðum greindarprófum og mati á aðlögunarfærni. Þroskahömlun skiptist í fjögur stig eftir því hversu alvarleg hún er. Greindarvísitala á bilinu 50 upp í 70 er talin væg þroskahömlun, 35 upp í 50 er miðlungs þroskahömlun, 20 upp í 35 er alvarleg þroskahömlun og greindarvísitala fyrir neðan 20-25 er talin vera djúp þroskahömlun (Batshaw, Shapiro og Farber 2007:248-249). Greindarþroski einstaklinga með Downs-heilkenni er mismunandi en rannsóknir sýna að um 85% barna með Downs-heilkenni eru með greindarvísitölu á bilinu 40 til 60. Meðalframmistaða einstaklinga með Downs-heilkenni á stöðluðum greindarprófum er því meira en tveimur staðalfrávikum fyrir neðan meðaltal jafnaldra en samkvæmt viðmiðum ICD-10 þýðir það að þau eru með væga til miðlungs þroskahömlun (Batshaw, Shapiro og Farber 2007:248-249 og Roizen 2007:268).

Flest börn með Downs-heilkenni fylgja dæmigerðu þroskamynstri fyrstu tvö æviár sín og virðist þroskahömlunin ekki eins áberandi á þessum árum og hún verður síðar meir. Þroskamynstrið samsvarar þroska annarra barna en er þó með talsverðri seinkun (Roizen 2007:268). Við tveggja ára aldur kemur oftast í ljós að málþroski barna með Downs-heilkenni er seinn miðað við málþroska jafnaldra. Ástæðurnar fyrir seinkun á málþroska geta verið ýmsar en eftirfarandi ástæður er algengar hjá börnum með Downs-heilkenni: tungan er of stór miðað við munnholið, vöðvaspenna í koki og

andlitsvöðvum er lág og geta börnin því átt í erfiðleikum með að stjórna talfærum þegar hljóð er myndað. Skert heyrn er einnig algeng hjá börnum með Downsheilkenni og hefur áhrif á máltöku (Sólveig Sigurðardóttir 2001:16).

3. Máltaka barna

Þegar börn koma í heiminn hafa þau ekki sömu málkunnáttu og fullorðnir einstaklingar heldur þurfa þau að læra reglur móðurmálsins og tileinka sér þann orðaforða sem málið býr yfir. Hugtakið máltaka er notað um það ferli þegar börn tileinka sér móðurmál sitt í æsku en rannsóknir benda til þess að börn nái ekki fullkomlega tökum á móðurmáli sínu nema máltakan fari fram fyrir 4-6 ára aldurinn. Máltaka barna er stigbundin og hvert stig í máltökunni hefur sínar reglur sem barnið þarf að tileinka sér. Með hverju stigi lærir barnið nýjar málfræðireglur í móðurmáli sínu og mál barnsins verður smám saman líkara máli fullorðinna (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Í kafla 3.1 verður fjallað um fyrstu stigin í máltöku barna sem ganga í gegnum eðlilega máltöku, fyrstu orðin og fyrstu setningarnar. Í kafla 3.2 er rætt um nafnháttarstigið og sagnfærslu í máli barna en í kafla 3.3 verður gefið yfirlit yfir máltöku barna með Downs-heilkenni.

3.1 Eðlileg máltaka

Máltakan hefst um leið og barn kemur í heiminn en strax við fæðingu byrja ungabörn að vinna úr málhljóðum í umhverfi sínu og um 4-6 mánaða aldur byrja þau yfirleitt að hjala. Fyrst myndar barnið stök sérhljóð og samhljóð en síðan fer það að mynda heil atkvæði og endurtekur gjarnan runurnar af sama atkvæðinu. Um 10 mánaða aldur breytist hjalið oftast þannig að barnið tekur að mynda fleiri gerðir atkvæða og nota fleiri hljóð. Með tímanum lagar barnið sig svo að hljóðkerfi móðurmáls síns og fer hljómfall þess að líkjast hljómfalli fullorðinna (Sigríður Sigurjónsdóttir 2002).

Þegar hjalstiginu lýkur, oftast um eins árs aldur, hafa flest börn gert sér grein fyrir merkingarhlutverki málhljóða í málinu og fara þá að endurtaka hljóðastrengi með ákveðna merkingu. Hljóðastrengirnir verða að fyrstu orðum barnsins en þau eru yfirleitt einföld að gerð, mynduð úr fáum hljóðum og aðeins eitt eða tvö atkvæði. Eftir að fyrstu orðin birtast í máli barna fjölgar orðum í orðaforða þeirra tiltölulega hratt og þegar börn hafa lært um 150 orð fara þau að setja tvö orð saman, en þetta stig í máltökunni er nefnt tveggja orða stigið (Goodluck 1995 og Sigríður Sigurjónsdóttir 2002).

Fyrstu setningar barna eru yfirleitt aðeins myndaðar með orðum úr opnum orðflokkum, þ.e. nafnorðum, sagnorðum, lýsingarorðum og nokkrum atviksorðum.

Flestum beygingum og kerfisorðum sem gegna málfræðilegu hlutverki, svo sem forsetningum, samtengingum, greini og fornöfnum, er sleppt í þessum setningum. Börn á tveggja orða stiginu mynda gjarnan setningar með nöfnum en nota aldrei fornöfn. Setningar með persónufornafninu *ég* koma því ekki fyrir í máli barna á þessu stigi þótt þau tali stundum um sig sjálf. Í (1) hér að neðan má sjá dæmi úr máli íslensks barns við upphaf tveggja orða stigsins (Sigríður Sigurjónsdóttir 2004:206).

- | | | | |
|-----|--------------|----------|------------------|
| (1) | a. Eva lúlla | (1;2:28) | S (frl. - so.) |
| | b. Eva vefja | (1;5:11) | S (frl. - so.) |
| | c. Evu api | (1;3:10) | NL (no. - no.) |
| | d. taka Evu | (1;3:18) | SL (so. - andl.) |

Setningarnar eru flokkaðar eftir setningafræðilegri gerð í setningar (S), nafnliði (NL) og sagnliði (SL) og merkingarhlutverk, eins og frumlag og andlag, er tekið fram þar sem það á við (Sigríður Sigurjónsdóttir 2004). Eins og má sjá í (1) notar Eva ávallt nafn sitt í stað þess að nota fornafn *ég*. Setningarnar í (1) væru óeðlilegar í máli fullorðinna sem myndu frekar tala um sjálfa sig með persónufornafninu *ég*, eða með eignarfornafninu *minn*, sbr. (1c).

Börn á tveggja orða stiginu virðast vita töluvert um setningarfræðilega gerð móðurmáls síns, en þau virðast t.d. átta sig snemma á orðaröð innan sagnliða (Sigríður Sigurjónsdóttir 2005:637). Rannsóknir sýna að börn á tveggja orða stiginu hafa tilhneigingu til að hafa ákveðna orðaröð í setningum sínum. Aðalorð setninga hafa verið nefnd möndulorð (e. *pivot words*) en þau standa oftast fremst í tveggja orða setningunum í íslensku. Með aðalorðinu stendur svokallað fylgiorð (e. *open words*) en það hefur fjálsari dreifingu og getur staðið annaðhvort fremst eða aftast í tveggja orða segðum. Einnig má líta á aðalorðið sem höfuð setningaliða og með höfðinu stendur fylgiorð eða fylliliðir. Niðurstöður rannsókna á enskumælandi börnum leiddu í ljós að í máli barna á tveggja orða stiginu er mun algengara að þau myndi setningar þar sem aðalorðið stendur á undan fylgiorðinu. Í ensku stendur höfuð setningaliðarins yfirleitt á undan fyllilið sínum og því hafa þessar niðurstöður verið túlkaðar á þann hátt að enskumælandi börn á tveggja orða stiginu séu farin að átta sig á orðaröð innan setningaliða í móðurmáli sínu. Þessar niðurstöður eiga einnig við um íslensk börn en þau virðast snemma átta sig á grundvallarorðaröð innan setningaliða í íslensku (Sigríður Sigurjónsdóttir 2005:638 og Goodluck 1995:78).

lækkar. Um þriggja ára aldurinn virðast íslensk börn vera farin að átta sig á að í hverri setningu er yfirleitt persónubeygð sögn og um fjögurra ára aldur eru flest börn hætt að mynda aðalsetningar með sögn í nafnhætti og eru þá komin af nafnháttarstiginu í máltöku (Sigríður Sigurjónsdóttir 2005:641).

Samkvæmt rannsóknum á máli barna á nafnháttarstigi gilda ákveðnar reglur um stöðu sagna í nafnhætti og persónubeygðra sagna í setningum ef neitunin *ekki* eða annað setningaratviksorð er til staðar. Í máli fullorðinna Íslendinga stendur sögn í nafnhætti alltaf á eftir neituninni *ekki* og flestum setningaratviksorðum (e. *sentence adverbs*), t.d. *aldrei* og *bara*, sbr. dæmi (4).

- (4) a. Pétur mun ekki **borða** skyr. (* Pétur mun **borða** ekki skyr.)
b. Pétur skal aldrei **borða** skyr. (*Pétur skal **borða** aldrei skyr.)

Í setningum (4a) og (4b) verður sögnin í nafnhætti að standa á eftir neituninni *ekki* og setningaratviksorðinu *aldrei*. Ef sögnin í nafnhætti stendur á undan neituninni og setningaratviksorðinu er setningin ótæk. Persónubeygðar sagnir verða hins vegar að standa á undan neituninni *ekki* og öðrum setningaratviksorðum, eins og sést í (5).

- (5) a. Pétur **borðar** ekki skyr. (*Pétur ekki **borðar** skyr.)
b. Pétur **borðar** aldrei skyr. (*Pétur aldrei **borðar** skyr.)

Ef persónubeygða sögnin stendur á eftir neituninni *ekki* og setningaratviksorðinu *aldrei* er setningin ótæk. Þessi mismunandi staða sagna í nafnhætti og persónubeygðra sagna innan setninga með neitun eða öðrum setningaratviksorðum er skýrð á þann hátt að sögn í nafnhætti sé kyrr innan sagnliðarins en persónubeygð sögn hafi færst frammar í setninguna inn í beygingarplássið, eins og var fjallað um hér fyrir ofan. Ef gert er ráð fyrir að sögn í nafnhætti sé kyrr innan sagnliðarins mun hún koma á eftir neituninni *ekki* og flestum setningaratviksorðum, sbr. (6a). Persónubeygð sögn færirst hins vegar út úr sagnliðnum, framhjá neituninni *ekki* og flestum setningaratviksorðum fram í beygingarplássið þar sem hún lagar sig að frumlagi sínu í persónu og tölu, sbr. (6b) (Sigríður Sigurjónsdóttir 2005:643).

- (6) a. Pétur [_{BL} mun] ekki [_{SL} **borða** skyr].
b. Pétur [_{BL} **borðar**] ekki [_{SL} ____ skyr].

Íslensk börn virðast snemma átta sig á þessum reglum um stöðu sagna og strax á nafnháttarstiginu gilda sömu reglur um stöðu sagna í nafnhætti og persónubeygðra sagna í setningum með setningaratviksorðinum í máli þeirra og í máli fullorðinna.

3.3 Máltaka barna með Downs-heilkenni

Málþroski barna með Downs-heilkenni er seinn miðað við málþroska jafnaldra og strax á fyrsta æviári barns með heilkennið er ljóst að málþroskinn er ekki eins og hann á að vera. Börn með Downs-heilkenni ganga í gegnum svipuð stig í máltökunni og börn með eðlilega máltöku. Máltakan gengur þó hægar fyrir sig hjá börnum með heilkennið en hjá öðrum börnum. Rannsóknir á skynjun ungabarna á máhljóðum gefa til kynna að viðbrögð barna með Downs-heilkenni við máhljóðum séu öðruvísi en hjá öðrum börnum. Upplýsingar virðast meðteknar hægar hjá börnum með heilkennið en hjá börnum sem eru að ganga í gengum eðlilega máltöku. Hjal barna með Downs-heilkenni þróast að mestu leyti eins og hjá öðrum börnum en þau byrja seinna að hjala og eiga í erfiðleikum með að laga hjalið að hljóðkerfi móðurmálsins (Rondal 2006:3, sjá einnig Roberts o.fl. 2007).

Þegar hjalstiginu lýkur taka börn að mynda fyrstu orðin. Börn með Downs-heilkenni eru yfirleitt eldri en flest önnur börn þegar þau mynda fyrstu orðin sín og e.t.v. tengist þetta því að þau byrja seinna að hjala. Rannsókn fræðimannsins Gillham (1979) gaf til kynna að ef miðað er við greindaraldur barns (e. *mental age*) þegar það myndar fyrstu orðin má sjá að börn með Downs-heilkenni komast á þetta stig í máltökunni á svipuðum tíma og önnur börn, eða þegar greindaraldur er um 15 mánaða (Oliver og Buckley 1994:71). Munurinn felst þá í því að greindaraldur barna með Downs-heilkenni fylgir ekki endilega lífaldri þeirra (e. *chronological age*). Fyrstu orð barna með Downs-heilkenni eru svipuð og hjá flestum öðrum börnum og lærast í svipaðri röð (sjá Oliver og Buckley 1994).

Eftir að fyrstu orðin birtast í máli barna með Downs-heilkenni líður lengri tími áður en þau mynda fyrstu tveggja orða setningar sínar en algengt er. Börn með eðlilega máltöku komast yfirleitt á tveggja orða stigið þegar þau hafa lært um 150 orð en rannsóknir sýna að börn með Downs-heilkenni hafa tileinkað sér mun fleiri orð þegar þau komast á þetta stig í máltöku. Börn með Downs-heilkenni taka yfirleitt að mynda tveggja orða setningar þegar þau hafa lært um 500-600 orð og eru þá oftast um

4 til 5 ára gömul (Goodluck 1995:75, Karmiloff og Karmiloff-Smith 2001:206 og Oliver og Buckley 1994:72). Þetta bendir til þess að börn með Downs-heilkenni tileinki sér málfræðireglur hægar en þau læra ný orð (sjá t.d. Miller 1999:12). Setningar í máli barna með Downs-heilkenni lengjast hægt og meðallengd setninga þeirra er oftast styttri en í máli annarra barna.

Börn með Downs-heilkenni virðast tileinka sér málfræðireglur í sömu röð og börn með eðlilega máltöku en eiga misjafnlega auðvelt með að tileinka sér þær. Rannsóknir á setningafræðikunnáttu barna með Downs-heilkenni gefa til kynna að þau eigi erfitt með að nota orð sem gegna málfræðilegu hlutverki, svo sem hjálparsagnir, tengisagnir, greini og forsetningar. Tíð sagnorða virðist einnig valda erfiðleikum, þ.e. myndun persónubeygðra sagna í nútíð og þátíð. Í setningum barna með Downs-heilkenni birtast því færri orð sem gegna málfræðilegu hlutverki en í máli annarra barna (Chapman o.fl. 1998, Roberts o.fl. 2007:29, sjá einnig Rutter og Buckley 1994 og Hesketh og Chapman 1998).

Seinkun í málþroska barna með Downs-heilkenni verður meiri eftir því sem þau eldast. Miller (1989), prófessor í tal- og málmeinum, hélt því fram að þegar greindaraldur barns með Downs-heilkenni er 20 mánuðir sé um 6 mánaða seinkun í málþroska þess. Þegar greindaraldur þess nær 30 mánaða aldri sé seinkunin í málþroskanum 10 mánuðir (Oliver og Buckley 1994:72). Seinkun í málþroska er mismunandi eftir sviðum tungumálsins. Seinkun í setningafræðikunnáttu barna með Downs-heilkenni virðist t.d. vera mun meiri en seinkun í málskilningi og orðaforða þeirra.

4. Setningafræðileg kunnátta Eddu, Hildar og Þórs

Eitt aðalviðfangsefni erlendra fræðimanna sem rannsakað hafa málþroska barna með Downs-heilkenni hefur verið setningafræðileg kunnátta þeirra, enda hafa rannsóknir sýnt að börn með heilkennið standa sig verst á þessu sviði. Málþroski barna með Downs-heilkenni hefur lítið verið kannaður hér á landi en athyglisvert er að skoða hvernig íslensk börn með heilkennið standa sig í samanburði við börn sem ganga í gegnum eðlilega máltöku. Í þeim tilgangi safnaði ég málsýnum frá þremur íslenskum börnum með Downs-heilkenni, en þau fengu dulnefnin Edda, Hildur og Þór. Edda er elst af börnunum þremur og var þrettán ára og nítján daga gömul (13;0:19) við fyrstu heimsókn. Hildur var tólf ára, fimm mánaða og tuttugu og eins dags gömul (12;5:21) þegar ég talaði fyrst við hana en Þór var tíu ára, tíu mánaða og sextán daga gamall (10;10:16). Málsýnunum var safnað í alls fimm heimsóknum á eins mánaðar tímabili og voru börnin því orðin mánuði eldri þegar síðustu málsýnunum var safnað. Til þess að fá sjálfsprottið tal frá börnunum reyndi ég að segja sem minnst og fylgjast bara með þeim í leik og við daglegar athafnir. Einnig voru samræður milli stelpnanna tveggja teknar upp og Þór sýndi stutt leikrit.

Í kafla 4.1 verður fjallað um tveggja orða setningar í máli Eddu, Hildar og Þórs í samanburði við tveggja orða setningar í máli barna með eðlilega máltöku. Nafnháttarstig í máli barnanna er viðfangsefni kafla 4.2. Edda myndar einungis setningar með sögn í nafnhætti en Hildur og Þór eru byrjuð að mynda setningar með persónubeygðri sögn. Í þessum kafla er einnig rætt um persónubeygðar sagnir í máli Þórs en hann er kominn lengst af börnunum þremur í málþroska. Í kafla 4.3 er fjallað um setningar þar sem Edda, Hildur og Þór sleppa sögninni og gerð tilraun til þess að útskýra hvers vegna sögnum er sleppt í þessum setningum. Í síðasta kaflanum, kafla 4.4., er svo fjallað um sagnfærslu í máli barnanna og þær reglur sem gilda um stöðu sagna í nafnhætti og persónuhætti í máli þeirra.

4.1 Tveggja orða setningar í máli Eddu, Hildar og Þórs

Þótt Edda, Hildur og Þór séu á aldrinum 10 til 13 ára nota þau oft tveggja orða setningar til þess að tjá sig. Setningar þeirra eru af svipaðri gerð og hjá börnum á tveggja orða stiginu, þ.e. myndaðar úr opnum orðflokkum og flestum beygingum og kerfisorðum er sleppt, en þó virðist vera ákveðinn munur til staðar. Ef tveggja orða setningar í máli

Eddu, Hildar og Þórs eru skoðaðar má sjá að þær eru ekki alveg eins og setningar barna á tveggja orða stiginu. Setningar Eddu, Hildar og Þórs eru gjarnan myndaðar úr persónufornafninu *ég* og sagnorði, sbr. (7) hér fyrir neðan, eða persónufornöfnunum *hún* eða *hann* og sagnorði, sbr. (8), en eins og var nefnt í kafla 3.1 sleppa börn á tveggja orða stiginu hins vegar yfirleitt fornöfnum.

- (7) S (frl.- so.) a. Ég moka (Þór 10;11:23)
b. Ég stækka (Hildur 12;5:21)
c. Ég sofa (Edda 13;0:19)
- (8) S (frl.- so.) a. Hún hlaupa (Edda 13;0:19)
b. Hún skríða (Edda 13;0:19)
c. Hann detta (Hildur 12;5:21)

Setningarnar hafa verið flokkaðar í setningar (S) og merkingarhlutverk (frumlag) er tekið fram. Dæmin í (7) eru öðruvísi en setningar barna á tveggja orða stiginu að því leyti að þegar Edda, Hildur og Þór tala um sjálf sig nota þau persónufornafnið *ég*, en ekki nafn sitt, t.d. *Þór moka*, eins og flest ung börn á tveggja orða stiginu gera. Í (8) nota stelpurnar persónufornöfnin *hún* og *hann*, en í máli barna á tveggja orða stiginu væru þar nöfn þeirra sem fjallað er um. Hefðbundnar tveggja orða setningar barna á tveggja orða stiginu með nöfnum, eins og *Edda sofa* eða *Hildur stækka*, koma ekki fyrir í máli Eddu, Hildar og Þórs.

Setningarnar í (7) og (8) hafa rétta orðaröð, þ.e. frumlag og sagnorð, en frumlag stendur yfirleitt fremst í sjálfgefinni eða hlutlausri orðaröð í íslensku (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 1999:192). Þær eru þó frábrugðnar setningum í máli fullorðinna að því leyti að sagnirnar eru ekki persónubeygðar heldur standa þær í nafnhætti. Setningarnar í (7a) og (7b) gætu reyndar verið persónubeygðar því þær líta eins út í nafnhætti og í 1. persónu eintölu, sbr. *að moka* - *ég moka*. Merking setninganna bendir hins vegar til þess að sagnirnar ættu að standa í þátíð og eins og er fjallað um í kafla 4.2 nota Edda, Hildur og Þór oft sagnir í nafnhætti í stað persónubeygðra sagna í þátíð. Í kafla 3.2 kom fram að börn eru á nafnháttarstigi í máltöku þegar þau mynda setningar með sögn í nafnhætti en í næsta kafla verða sagnir í nafnhætti í máli Eddu, Hildar og Þórs skoðaðar nánar.

4.2 Nafnháttur í máli Eddu, Hildar og Þórs

Athugun á málsýnum frá börnunum þremur leiddi í ljós að Hildur og Þór mynda bæði setningar með sögnum í nafnhætti og setningar með persónubeygðum sögnum en Edda virðist einungis mynda setningar með sögnum í nafnhætti. Tvær segðir úr máli Eddu eru þó myndaðar með persónubeygðri sögn, báðar í boðhætti, en þær má sjá í (9).

- (9) a. Manstu? (Edda 13;1:5)
b. Koddu! (Komdu) (Edda 13;1:5)

Sagnirnar í (9a) og (9b) eru báðar í boðhætti og eru nokkuð algengar í daglegu tali. Af þeirri ástæðu má telja líklegt að þær séu utanaðlærðir frasar en ekki einu persónubeygðu sagnirnar sem Edda hefur lært að mynda. Að öðru leyti myndar Edda ekki setningar með persónubeygðum sögnum og í setningum þar sem búast mætti við persónubeygðri sögn notar Edda ávallt sögn í nafnhætti. Dæmi um slíkar setningar úr máli Eddu má sjá í samtali milli Eddu og Hildar í (10) og (11). Með hverju dæmi er gefið upp hvernig samsvarandi setning myndi líklega hljóma í máli fullorðinna.

- (10)
- | | |
|--|---|
| Hildur: Ég taka öll (kubbana) (12;6:8) | Fullorðnir:
Ég tók alla kubbana |
| Hildur: Sjáðu, ég gera bara svona | Sjáðu, ég gerði bara svona |
| Edda: Þú taka af mér (13;1:5) | Þú tókst af mér kubbana |
| Hildur: Ég bara sýna þér | Ég var bara að sýna þér |
| Edda: Við eiga öll saman | Við eigum þá alla saman |

- (11)
- | | |
|---------------------------------|---|
| Edda: Núna þú sofa hér (13;1:5) | Fullorðnir:
Núna sefur þú hér |
| Hildur: Ég veit (12;6:8) | |
| Edda: Núna sækja blöð, Hildur | Núna skaltu sækja blöð, Hildur |

Í (10) og (11) notar Edda einungis sagnir í nafnhætti á meðan Hildur myndar eina setningu með persónubeygðri sögn. Þetta bendir til þess að Edda hafi enn ekki lært að mynda setningar með persónubeygðum sögnum og sé því enn á byrjunarstigi

nafnháttastigsins í máltökunni. Hildur notar oftast sagnir í nafnhætti en virðist þó geta myndað setningar með nokkrum persónubeygðum sögnum. Persónubeygðar sagnir notar hún samt sem áður sjaldnar en sagnir í nafnhætti sem bendir til þess að Hildur sé komin aðeins lengra á nafnháttarstiginu en Edda.

Í máli Þórs er um helmingur setninga myndaður með persónubeygðum sögnum. Ef setningar úr máli Hildar og Þórs eru skoðaðar nánar virðist ákveðin regla gilda um notkun sagna í nafnhætti og persónubeygðra sagna í máli þeirra. Hildur virðist nota sagnir í nafnhætti þar sem í máli flestra væru sagnir í þátíð, sbr. (12), en persónubeygðar sagnir notar hún í nútíð, eins og sést í (13) hér fyrir neðan. Með dæmunum í (12) er gefið upp hvernig samsvarandi setningar myndu hljóma í máli fullorðinna.

(12)	Hildur:		Fullorðnir:
	a. Jóna þrjóna peysu	(12;5:21)	Jóna þrjónaði peysu
	b. Ég horfa Sveppa (í gær)	(12;5:21)	Ég horfði á Sveppa
	c. Klukkan vekja Sveppa	(12;5:21)	Klukkan vakti Sveppa
	d. Ég stækka	(12;5:21)	Ég stækkaði
	e. Af hverju þú gera svona?	(12;6:8)	Af hverju gerðir þú svona?
	f. Hvað þú segja?	(12;6:8)	Hvað sagðir þú?
(13)	Hildur:		
	a. Ég veit	(12;5:21)	
	b. Ég get ekki meira!	(12;6:8)	
	c. Ég vil ekki koma	(12;6:8)	
	d. Þetta virkar ekki	(12;6:8)	
	e. Ég skal gera þig bara næst	(12;6:8)	
	f. Ertu með okkur?	(12;6:8)	
	g. Edda er skritin!	(12;6:8)	

Notkun Hildar á sögnum í nafnhætti í (12) og persónubeygðum sögnum í (13) bendir til þess að Hildur kunnir að mynda persónubeygðar sagnir í nútíð en hafi enn ekki lært að mynda persónubeygðar sagnir í þátíð. Í stað persónubeygðra sagna í þátíð notar Hildur sagnir í nafnhætti, en eins og rætt verður í kafla 5 lærir þátíð sagna seinna en nútíð sagna. Algengt er að börn noti nafnhátt eða persónubeygðar sagnir í nútíð í stað

persónubeygðra sagna í þátíð áður en þau ná tökum á þátíðarmyndun sagna (sjá t.d. Sigríði Sigurjónsdóttur 2005).

Þór er farinn að mynda persónubeygðar sagnir í þátíð, sbr. (16), en notar þó oft nafnhátt þar sem í máli fullorðinna væri persónubeygð sögn í þátíð, eins og má sjá í (14). Í (15) sjást persónubeygðar sagnir í nútíð í máli Þórs og eins og áður er gefið upp hvernig samsvarandi setning gæti hljómað í máli fullorðinna.

(14)	Þór:		Fullorðnir:
	a. Ég skriða	(10;10:16)	Ég skreið
	b. Ég steluru ekki	(10;10:16)	Ég stal (þessu) ekki
	c. Úlfur borða Rauðhettu!	(10;10:24)	Úlfurinn borðaði Rauðhettu!
	d. Ester, ég prumpa!	(10;10:24)	Ester, ég prumpaði!
	e. Ég stinga mig magann	(10;10:24)	Ég stakk mig í magann
	f. Ég gleyma	(10;11:23)	Ég gleymdi því
(15)	Þór:		Fullorðnir:
	a. Hann tekur klukkutíma!	(10;10:16)	
	b. Ertu vissa?	(10;10:16)	Ertu viss?
	c. Ég nenni ekki draugur	(10;11:23)	Ég nenni ekki að vera draugur
	d. Ég má ekki draugur	(10;11:23)	Ég má ekki að vera draugur
	e. Viltu ná í hann?	(10;11:23)	
(16)	Þór:		Fullorðnir:
	a. Ég dattu	(10;10:16)	Ég datt
	b. Ég rannu	(10;10:16)	Ég rann
	c. Ég heyrði „úps“	(10;10:24)	
	d. Ég gerði ekkert!	(10;10:24)	

Út frá dæmunum í (15) má draga þá ályktun að Þór kunni að mynda persónubeygðar sagnir í nútíð, rétt eins og Hildur, en dæmin í (16) benda til þess að Þór sé aðeins byrjaður að mynda persónubeygðar sagnir í þátíð. Þar virðist hann lenda í vandræðum með sagnir sem taka sterkri beygingu, sbr. *skriða* - *skreið* í (14a), *stela* - *stal* í (14b) og *stinga* - *stakk* í (14e), og veikju sagnirnar *borða* – *borðaði* í (14c), *prumpa* – *prumpaði* í (14d) og *gleyma* – *gleymdi* í (14f). Sagnirnar í (14) eru allar í nafnhætti en

út frá merkingu setninganna og þeim aðstæðum sem þær eru myndaðar við mætti þar búast við persónubeygðum sögnum í þátíð. Nánari umfjöllun um persónubeygðar sagnir í máli Þórs er að finna í kafla 5.2. Í (15b) beygir Þór lýsingarorðið *viss* rangt og bætir við sérhljóðinu *a* í enda orðsins. Hér gæti verið um mismæli að ræða eða áhrif frá öðrum lýsingarorðum sem eru með svipað að hljóðafar, t.d. *hissa*. Þór alhæfir þá líklega beygingarendingu lýsingarorðsins. Sterku sagnirnar í þátíð í (16a) og (16b) eru myndaðar rétt með hljóðskiptunum *e-a*, sbr. *detta - datt* og *renna - rann*, en í enda þeirra er sérhljóðinu *u* bætt við. Þar alhæfir Þór líklegast boðhátt en í kafla 5.2 er nánari umfjöllun um þessar sagnir í máli Þórs.

Af þessari umfjöllun má draga þá ályktun að Edda, Hildur og Þór séu öll enn á nafnháttarstiginu en eru komin mislangt. Edda er enn á byrjunarstigi nafnháttarstigsins og myndar nánast alltaf sagnir í nafnhætti. Meirihluti setninga í máli Hildar er myndaður með sögnum í nafnhætti og notar hún eingöngu persónubeygðar sagnir í nútíð. Þór er kominn lengra á nafnháttarstiginu. Hann notar persónubeygðar sagnir í nútíð og myndar nokkrar persónubeygðar sagnir í þátíð. Oftast notar hann þó nafnhátt þegar búast mætti við persónubeygðri sögn í þátíð, rétt eins og Hildur, en er farinn að gera tilraunir til að mynda þátíð af sögnum.

4.3 Sagnfærsla í máli Hildar, Eddu og Þórs

Í kafla 4.2 kom fram að Hildur, Edda og Þór mynda aðallega setningar með sögnum í nafnhætti. Það er því athyglisvert að skoða hvort sömu reglur gilda um stöðu sagna í nafnhætti og persónubeygðra sagna í setningum með setningaratviksorðum og í máli barna sem eru að ganga í gegnum eðlilega máltöku, sbr. kafla 3.2. Dæmi (17) sýna stöðu sagna í nafnhætti í setningum með neituninni *ekki* og setningaratviksorðinu *bara* og í (18) eru dæmi um stöðu persónubeygðra sagna í setningum með neituninni *ekki* og *ekkert* sem er hér notað sem atviksorð.

- | | | |
|------|--|-----------------|
| (17) | a. Hann <u>ekki</u> leyfa mér fara í heimsókn | (Þór 10;10:24) |
| | b. Afhverju þú <u>ekki</u> tala við mig? | (Hildur 12;6:8) |
| | c. Hildur <u>ekki</u> gera neitt | (Edda 13;1:5) |
| | d. Ég <u>bara</u> sýna þér | (Hildur 12;6:8) |
| (18) | a. Ég gerði <u>ekkert</u> ! | (Þór 10;10:16) |

- b. Ég **steluru ekki** (Þór 10;10:16)
- c. Ég **má ekki** draugur (Þór 10;11:23)
- d. Ég **nenni ekki** draugur (Þór 10;11:23)
- e. Ég **kanna ekki** á þetta (Þór 10;11:23)
- f. Ég **kanna ekki** búinn að segja (Þór 10;11:23)
- g. Ég **get ekki** meira (Hildur 12;6:8)
- h. Ég **vill ekki** koma (Hildur 12;6:8)
- i. Þetta **virkar ekki** (Hildur 12;6:8)

Edda, Hildur og Þór hafa sagnir í nafnhætti alltaf á eftir setningaratviksorðinu en persónubeygðar sagnir á undan setningaratviksorðinu. Dæmi (17c) gæti verið eðlileg setning, þ.e.a.s. skipun með neitunni *ekki* á undan sögninni *gera* í nafnhætti. En út frá merkingu setningarinnar og aðstæðum þegar hún er mynduð má túlka setninguna sem staðhæfingu (e. *assertion*), sbr. *Hildur gerði ekki neitt*, og ætti sögnin þá að vera persónubeygð í þátíð og standa á undan neituninni. Þessar niðurstöður benda til þess að Edda, Hildur og Þór virði reglur um stöðu sagna í nafnhætti og persónubeygðra sagna í setningum rétt eins og börn sem eru að ganga í gengum eðlilega máltöku, sjá kafla 3.2.

Í ljósi þessara niðurstaðna er athyglisvert að skoða spurnarsetningar í máli barnanna, því þar kemur sagnfærsla einnig við sögu. Hildur myndar þrjár spurnarsetningar sem hefjast á spurnarorði en þær má sjá í (19) hér fyrir neðan. Beygingarplássið (B) í beygingarliðnum (BL) stendur autt en sögnin í nafnhætti er í sagnliðnum (SL).

- (19) a. Af hverju [BL ___] þú [SL **gera** svona]? (Hildur 12;6:8)
- b. Af hverju [BL ___] þú ekki [SL **tala** við mig]? (Hildur 12;6:8)
- c. Hvað [BL ___] þú [SL **segja**]? (Hildur 12;6:8)

Hildur myndar spurnarsetningar með sögn í nafnhætti. Sögnin í nafnhætti er í sagnliðnum en við myndun spurnarsetninga færir sögnin úr sagnliðnum upp í beygingarplássið í beygingarliðnum og fær persónubeygingu, eins og má sjá í (20).

- (20) a. Af hverju [BL **gerðir**] þú [SL ___ svona]?
- b. Af hverju [BL **talaðir**] þú ekki [SL ___ við mig]?

c. Hvað [BL **sagðir**] þú [SL ___]?

Dæmin í (19) sýna að í máli Hildar standa sagnir í nafnhætti í sagnliðnum í setningum. Í kafla 4.2 var fjallað um sagnir í nafnhætti og persónubeygðar sagnir í máli Hildar en hún virðist nota sagnir í nafnhætti þar sem í máli annarra væru persónubeygðar sagnir í þátíð. Sagnirnar í (19) ættu út frá merkingu setninganna að vera persónubeygðar og í þátíð. Hildur notar þar sagnir í nafnhætti og hefur þær því í sagnliðnum.

Þór myndar eina spurnarsetningu en sleppir sögninni, sbr. (21a). Í (21b) má sjá hvernig setningin myndi líta út ef persónubeygð sögn væri til staðar og færðist í beygingarplássið í beygingarliðnum.

- (21) a. Af hverju [BL ___] þessi [SL ___ hræddur]? (Þór 10;11:23)
b. Af hverju [BL **er**] þessi [SL ___ hræddur]?

Sögnin er ekki til staðar í (21) og er því varla hægt að segja til um stöðu sagnarinnar í þessu tilviki. Setningar án sagna eru ekki óalgengar í máli Eddu, Hildar og Þórs og athyglisvert er að skoða þær nánar. Umfjöllun um þær má finna í næsta kafla, eða 4.4.

Dæmin í (17), (18) og (19) benda til þess að Edda, Hildur og Þór virði reglur um stöðu sagna í nafnhætti og persónubeygðra sagna í setningum og að þau þekki eðli sagnfærslu. Af þessu mætti einnig draga þá ályktun að almenn málfræðilögmál geti spáð fyrir um hvers vænta megi hjá börnum með Downs-heilkenni, þ.e. börnum með seinkun í málþroska, eins og hjá börnum sem eru að ganga í gegnum eðlilega máltöku.

4.4 Sögnum sleppt

Í sumum setningum sleppa Edda, Hildur og Þór sögninni. Oftast er það sögnin *vera*, sbr. (22), (23) og (24) en í einu tilviki er sögninni *skulu* sleppt, eða í (23a). Dæmunum er skipt í þrjá flokka, *hjálparsögn*, *tengisögn* og *aðalsögn*, eftir setningalegum einkennum sagnorðanna. Eins og fyrr er gefið upp hvernig samsvarandi setning gæti hljómað í máli fullorðinna.

(22) **Tengisögn** (e. *copula*)

Fullorðnir:

a. Leikritinn minn ekki búinn (Þór 10;10:16)	Leikritið mitt er ekki búíð
b. Þessi hræddur (Þór 10;11:23)	Þessi er hræddur
c. Ég hættur (Þór 10;11:23)	Ég er hættur
d. Hún ekki lengur reið (Hildur 12;6:8)	Hún er ekki lengur reið
(23) Hjálparsögn	Fullorðnir:
a. Núna sækja blöð, Hildur (Edda 13;1:5)	Núna skaltu sækja blöð
b. Ég bara sýna þér (Hildur 12;6:8)	Ég var bara að sýna þér
(24) Aðalsögn	Fullorðnir:
a. Ég má ekki draugur (Þór 10;11:23)	Ég má ekki vera draugur
b. Ég nenni ekki draugur (Þór 10;11:23)	Ég nenni ekki að vera draugur

Sögnin *vera* er áhrifslaus sögn (e. *intransitive verb*). Hún stýrir ekki falli en getur tekið með sér sagnfyllingu (e. *predicate*) sem er annaðhvort lýsingarorð eða nafnorð. Í *Handbók um málfræði* skilgreinir Höskuldur Þráinsson (1995) hjálparsagnir sem sagnir notaðar samkvæmt föstum reglum til að láta í ljós tiltekna málfræðilega formdeild (e. *grammatical category*) í samsettri beygingu með aðalsögn. Hjálparsagnir hafa þannig engin merkingarleg tengsl við frumlag setningar (Höskuldur Þráinsson 2005:194, sjá einnig Höskuldur Þráinsson 1999:153) en eins og sést í (23) sleppa börnin gjarnan hjálparsögnunum í þeim málsýnum sem safnað var. Í (22) er sögnin *vera* tengisögn (e. *copula*). Tengisögn hefur það hlutverk að tengja sagnfyllinguna, þ.e. lýsingarorðið eða nafnorðið, við frumlag setningarinnar en í sjálfu sér segir hún ekkert um frumlagið (Höskuldur Þráinsson 2005:54).

Aðalsögninni *vera* er sleppt í (24) og hjálparsögnin *mega* og sögnin *nenna* standa eftir. Sögnin *vera* er merkingarlítill sögn en sem dæmi má nefna að málstolssjúklingar sleppa stundum sögninni *vera*, t.d. þegar hún er hjálparsögn (Sigríður Magnúsdóttir 2005:659). Því virðist auðvelt fyrir Eddu, Hildi og Þór að sleppa sögninni í þessum setningum án þess að það hafi áhrif á merkingu þeirra. Það sama á við um hjálparsagnir, en eins og var nefnt í kafla 3.3 hafa rannsóknir á setningafræðikunnáttu barna með Downs-heilkenni gefið til kynna að þau ráði illa við að nota málfræðileg kerfisörð, eins og t.d. hjálparsagnir, tengisagnir og forsetningar (sjá Rutter og Buckley 1994 og Roberts o.fl 2007:29). Setningarnar í (25) hér fyrir

neðan styðja einnig þessa kenningu því þar er forsetningum sleppt. Með hverri setningu er gefið upp hvernig samsvarandi setning gæti hljómað í máli fullorðinna.

(25)	Barn:		Fullorðnir:
	a. Ég horfa Sveppa	(Hildur 12;5:21)	Ég horfði á Sveppa
	b. Ég stinga mig magann	(Þór 10;10:24)	Ég stakk mig í magann

Ef litið er fram hjá því að hjálparsagnir, aðalsagnir og tengisagnir vantar í (22), (23) og (24) er ljóst að setningarnar eru að öðru leyti rétt myndaðar. Eina setningin sem sker sig úr er (22a) þar sem Þór notar vitlaust kyn á nafnorðinu *leikrit*. Þór notar þar karlkyn, sbr. *Leikritinn minn*, í stað hvorugkyns, *Leikritið mitt*. Í (25) standa sagnirnar í nafnhætti en ættu út frá merkingu að vera persónubeygðar í þátíð. Eins og var fjallað um í kafla 4.2 nota bæði Hildur og Þór sagnir í nafnhætti í stað persónubeygðra sagna í þátíð.

5. Þátíð sagna í barnamáli

Út frá málsýnum Þórs er athyglisvert að skoða hvort myndun þátíðar sagna í máli hans sé í samræmi við kenningar um myndun þátíðar sagna í máli barna á máltökuskeiði. Börn með eðlilegan málþroska byrja yfirleitt að mynda sagnir í þátíð við tveggja ára aldur. Þátíðarendingin *-aði* er algengust í fyrstu þátíðarmyndum barna og alhæfa börn gjarnan þessa beygingarendingu í byrjun (Guðrún Kvaran 2005:348 og Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1998:255). Beygingarflokkar sagna eru af tveimur gerðum, sterk og veik beyging, en hvorum flokki er gjarnan skipt í nokkra undirflokka.

Flestar sagnir í íslensku beygjast veikt en talið er að tæplega 5000 sagnir í íslensku taki veikri beygingu. Veikar sagnir hafa tann- eða tannbergsmælt lokhljóð eða önghljóð í þátíðarendingu, þ.e. *ð*, *d* eða *t* en samkvæmt Hrafnhildi Ragnarsdóttur (1998) má skipta sögnum sem taka veikri beygingu í þrjá undirflokka. Stærsti undirflokkur veikrar beygingar inniheldur svokallaðar *a*-sagnir, en um það bil 75% allra íslenskra sagna tilheyra þessum flokki. Þátíð *a*-sagna er mynduð með þátíðarendingunni *-aði* og sem dæmi um slíkar sagnir má nefna *dansa*, *elda* og *kalla*. *I*-sagnir mynda annan undirflokk veikrar beygingar en sagnir í þessum flokki fá ýmist þátíðarendinguna *-ði*, *-di* eða *-ti* í 1. og 3.pers.et. þátíð. Sagnir eins og *heyra* og *benda* tilheyra þessum flokki. Þriðja flokk veikrar beygingar kallar Hrafnhildur blandaðar sagnir og á þá við um 70 sagnir sem mynda þátíð með tannhljóðsviðskeyti og sérhljóðabreytingu, eins og til dæmis *leggja - lagði* og *kaupa - keypti* (Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1998:257, Guðrún Kvaran 2005:351, sjá einnig Eirík Rögnvaldsson 1990:88).

Sterkar sagnir í íslensku eru mun færri en veiku sagnirnar eða um 200 sagnir. Þó er talið að í nútímamáli séu um það bil 100-150 sterkar sagnir í notkun og eru margar þeirra meðal algengustu sagna málsins (Guðrún Kvaran 2005:281 og Eirík Rögnvaldsson 1990:88). Sterkar sagnir hafa enga þátíðarendingu eins og veikar sagnir en þess í stað hafa þær hljóðskipti. Stofnsérhljóð sterkra sagna verða þannig fyrir hljóðskiptum í þátíð eftir ákveðnum reglum. Yfirleitt er gert ráð fyrir sex til sjö undirflokkum sterkra sagna eftir hljóðskiptaröð þeirra (Eirík Rögnvaldsson 1990:88). Hljóðskiptaraðirnar verða þó ekki raktar nánar í þessari umfjöllun. Flokkur veikra sagna er opinn fyrir nýjum sögnum en sterkar sagnir tilheyra lokuðum

orðflokki. Þetta merkir að þegar ný sagnorð verða til eða eru tekin inn í málið fá þau ávallt veika beygingu (sjá Eirík Rögnvaldsson 1990:88 og Guðrúnu Kvaran 2005:281).

5.1 Kenningar um þátíð sagna í máltöku

Ýmsir fræðimenn hafa sett fram kenningar um hvernig börn læra þátíðarmyndun sagna, en eins og aðrir þættir í máltöku barna virðist vera ákveðinn regluleiki til staðar þegar börn læra þátíðarbeygingu sagna. Hrafnhildur Ragnarsdóttir (1998) nefnir tvö líkön til þess að skýra hvernig börn læra þátíðarbeygingu sagna. Annars vegar tveggjaleiðalíkan (e. *dual mechanism model*) og hins vegar einnarleiðarlíkan (e. *single mechanism model*). Tveggjaleiðalíkanið gerir ráð fyrir að börn tileinki sér veikar og sterkar beygingar sagna eftir tveimur leiðum. Meðfædd hæfni er þannig talin stjórna veikri beygingu sagna en sterka beygingu leggja börn hins vegar á minnið. Börn alhæfa veikar beygingar á aðrar sagnir en sterkar beygingar alhæfa þau að mjög takmörkuðu leyti. Samkvæmt tveggjaleiðalíkaninu skipta hljóðafarsleg einkenni, fjöldi sagna í beygingarflokki og tíðni sagna máli þegar um beygingar sterkra sagna er að ræða, en þegar kemur að beygingu veikra sagna skiptir ekkert af þessu máli (Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1998:256 og Guðrún Kvaran 2005:350).

Einnarleiðarlíkan (e. *single mechanism model*) gengur hins vegar út frá þeirri kenningu að þátíð allra sagna lærist eins. Ekki er gert ráð fyrir meðfæddri þekkingu á beygingum heldur er gengið út frá því að allar sagnir og beygingar þeirra séu lagðar á minnið. Þannig er talið að tíðni beygingarmynstra, tíðni einstakra sagna og hljóðfar hafi áhrif á þróun allra sagna og að beyging þeirra lærist á sama hátt (Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1998:256 og Guðrún Kvaran 2005:350-351). Samkvæmt einnarleiðarlíkaninu skiptir hljóðafar veikra sagna máli fyrir hvaða þátíðarendingu sögnin fær en það er aðalmunurinn á tveggjaleiðalíkaninu og einnarleiðarlíkaninu.

Athugun Hrafnhildar Ragnarsdóttur (1998) leiddi í ljós að tíðni sagna hefur áhrif á hvernig börnum gengur að læra þátíð þeirra. Þannig var hlutfall réttra þátíða af algengum sögnum marktækt hærra en af sjaldgæfum sögnum meðal barna á aldrinum 4 til 8 ára. Hljóðafar sagna reyndist einnig hafa ákveðin áhrif sem og aldur barnanna, en íslensk börn taka miklum framförum í þátíðarbeygingu sagna á aldrinum 4 til 8 ára. Börnin alhæfðu beygingar helstu beygingarflokkanna sem endurspeglaði stærð flokkanna og tíðni sagnanna í þeim. Niðurstöðurnar reyndist því ekki samræmast

tveggjaleiðalíkaninu en studdu hins vegar frekar einnarleiðarlíkaninu (Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1998:116-121).

5.2 Persónubeygðar sagnir í máli Þórs

Eins og var nefnt í kafla 4.2 um nafnháttarstig í máltöku Eddu, Hildar og Þórs myndar Þór persónubeygðar sagnir í nútíð og veikar sagnir í þátíð að mörgu leyti rétt en á í erfiðleikum með að mynda sterkar sagnir í þátíð. Í (15) sást að Þór myndar persónubeygðar sagnir í nútíð rétt, bæði sterkar og veikar. Persónubeygðar sagnir í þátíð virðast flækjast örlítið fyrir Þór og þá sérstaklega sterkar sagnir í þátíð. Dæmin í (26) hér að neðan sýna sterkar sagnir í þátíð í máli Þórs og (27) veikar sagnir í þátíð. Sambærilegar setningar í máli fullorðinna eru gefnar upp þar sem það á við.

(26) Þór		Fullorðnir:
a. Ég steluru ekki	(10;10:16)	Ég stal (þessu) ekki
b. Ég dattu	(10;10:16)	Ég datt
c. Ég rannu	(10;10:24)	Ég rann
d. Ég skríða	(10;10:16)	Ég skreið
e. Ég stinga mig magann	(10;10:24)	Ég stakk mig í magann
(27) a. Ég færðu	(10;10:24)	Ég færði (þetta)
b. Ég heyrði „úps“	(10;10:24)	
c. Ég gerði ekkert!	(10;10:24)	
d. Úlfur borða Rauðhettu!	(10;10:24)	Úlfurinn borðaði Rauðhettu!
e. Ester, ég prumpa!	(10;10:24)	Ester, ég prumpaði!
f. Ég gleyma	(10;11:23)	Ég gleymdi því

Eins og var rætt í kafla 5 sem fjallaði um þátíðarmyndun sagna í máli barna er þátíðarendingin *-aði* algengust í fyrstu þátíðarmyndum barna og börn alhæfa gjarnan þessa beygingarendingu. Þátíðarendingin *-aði* er einnig algengasta þátíðarending veikra sagna en þar næst ná börn valdi á þátíðarendingunum *-ði*, *-di* eða *-ti* (Sigríður Sigurjónsdóttir 1986). Svokallaðar *a*-sagnir í máli Þórs standa í nafnhætti, sbr. *borða* (27d) og *prumpa* (27e), og einu veiku sagnirnar sem Þór beygir rétt í þátíð taka þátíðarendinguna *-ði*, sbr. *heyra* – *heyrði* (27b) og *gera* – *gerði* (27c).

Sterku sagnirnar *detta* og *renna* í (26) eru myndaðar rétt með hljóðskiptunum *e-a*, sbr. *detta* - *datt* og *renna* - *rann*. Þór bætir hins vegar við sérhljóðinu *u* sem háttarendingu sagnanna, eins og sést í (26b) og (26c). Þetta gerir Þór líka við sterku sögnina *stela* í (26a) og við veiku sögnina *færa* í (27a). Í (26a) sleppir Þór hljóðskiptum og lætur stofnsérhljóðið, þ.e.a.s. *e*, haldast í þátíð. Þar að auki stendur sögnin í 3. pers. et., *hann stelur*, og sérhljóðinu *u* er bætt við sem háttarendingu en algengt er að ung börn alhæfi endingar 3. pers. et. sagna (Sigríður Sigurjónsdóttir 2008:40). Hér alhæfir Þór líklegast sérhljóðaendingu viðskeytts boðháttar, en með viðskeyttum boðhætti er átt við að persónufornafnið *þú* rennur saman við sagnmyndina eftir ákveðnum reglum, t.d. *far þú* > *farðu* (Guðrún Kvaran 2005:295).

Alhæfingu boðháttar má skýra með samskiptum Þórs við fullorðið fólk en í daglegu tali heyrir Þór, rétt eins og ung börn, sagnir í boðhætti talsvert oft, þá helst í formi skipana. Þór myndar einnig sjálfur setningar með sögn í boðhætti til þess að skipa öðrum fyrir. Skipanir í máli Þórs eru ekki fjölbreyttar en hann notar sömu setningunarnar oft. Dæmi um slíkar setningar í máli Þórs sjást í (28) hér fyrir neðan.

- | | | |
|------|--------------------|----------------|
| (28) | a. Láttu mig vera! | (Þór 10;11:23) |
| | b. Slepptu mér! | (Þór 10;11:23) |
| | c. Hættu þessu! | (Þór 10;11:23) |

Þessar setningar eru allar þess eðlis að Þór hefur líklegast heyrt þær í umhverfi sínu, t.d. í leik við aðra krakka eða í samskiptum við fullorðna, og lagt þær á minnið. Það má því telja líklegt að þessar setningar séu utanaðlærðir frasar. Þetta má e.t.v. rökstyðja með því að Þór notar þessar setningar stundum við aðrar aðstæður en flestir aðrir myndu gera, þ.e. hann áttar sig ekki alveg á notkunarviði frasans. T.d. notar Þór setningu (28b) m.a. þegar hann vill komast framhjá öðru fólki.

Það sem er athyglisvert við þátíðarbeygingu sagna í máli Þórs er að út frá dæmunum í (26) og (27) alhæfir hann ekki þátíðarbeygingu veikra sagna á sterkar sagnir og notar frekar sagnir í nafnhætti, en eins og kom fram í kafla 5 er algengt að ung börn læri fyrst þátíðarbeygingu veikra sagna og alhæfi þær á sterkar sagnir og taki svo að mynda þátíð sterkra sagna. Þátíðarbeyging sagna í máli Þórs virðist því ekki lærast eins og hjá börnum sem eru að ganga í gegngum eðlilega máltöku. Í kafla 3.4 var nefnt að seinkun í málþroska barna með Downs-heilkenni er mismikil eftir mismunandi sviðum tungumálsins. Sumar málfræðireglur eiga börn með Downs-

heilkenni auðvelt með að tileinka sér en aðrar læra þau seint. Þór hefur lært að mynda þátíð veikra sagna með þátíðarendingu -ði og sterkar sagnir með hljóðskiptunum *e-a* en annars notar hann nafnhátt.

Athugun Hrafnhildar Ragnarsdóttur (1998) á þátíðarmyndun íslenskra barna sýnir að strax um 4 ára aldur mynda íslensk börn þátíð veikra *a*-sagna rétt í um 88% tilvika. Þátíð veikra *i*-sagna er rétt mynduð í um 41% tilvika en þátíð sterkra sagna í um 15% tilvika. Um 6 ára aldur mynda íslensk börn þátíð veikra *i*-sagna rétt í 82% tilvika og þátíð sterkra sagna í um 71% tilvika. Um 8 ára aldur mynda flest íslensk börn þátíð allra sagna rétt í um 87% tilvika (sjá einnig Sigríði Sigurjónsdóttur 1986). Þór er kominn svona langt í máltökunni en miðað við þessar niðurstöður kemst þátíðarmyndun hans næst því að vera eins og hjá börnum um 4 ára aldur.

Þátíðarbeyging sagna í máli Þórs bendir ekki til þess að hann noti eina beygingu sem allsherjarreglu, eins og tveggjaleiðalíkanið gerir ráð fyrir. Það er t.d. ekki hægt að segja að Þór alhæfi eina þátíðarendingu því hann beygir einungis tvær veikar sagnir í þátíð með þátíðarendingu -ði, sbr. (27b) og (27c), en lætur aðrar veikar sagnir standa í nafnhætti. Þór hefur einnig lært þátíðarbeygingu nokkurra sterkra sagna en alhæfir hana ekki á aðrar sagnir, eins og sást í (26). Þessar niðurstöður samræmast frekar einnarleiðarlíkaninu, þ.e. að allar sagnir og beyging þeirra séu lagðar á minnið, og að beyging þeirra lærist á sama hátt. Þetta er þó sagt með það í huga að dæmin úr máli Þórs eru ekki nægilega mörg til þess að hægt sé að fullyrða neitt.

6. Samantekt og lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um málþroska barna með Downs-heilkenni, helstu einkenni heilkennisins og þá þætti sem helst hafa áhrif á málþroska þessara barna. Setningafræðileg kunnátta barna með Downs-heilkenni var skoðuð út frá málsýnum frá Eddu, Hildi og Þór og borin saman við setningafræðilega kunnáttu barna með eðlilega máltöku. Rætt var um tveggja orða setningar Eddu, Hildar og Þórs sem virðast öðruvísi en tveggja orða setningar barna sem eru að ganga í gengum eðlilega máltöku. Flestar sagnir í máli barnanna eru í nafnhætti en Hildur og Þór mynda nokkrar setningar með persónubeygðri sögn. Edda, Hildur og Þór eru því enn á hinu svokallaða nafnháttarstigi í máltöku. Sagnfærsla í máli barnanna var einnig skoðuð og aðeins rætt um myndun spurnarsetninga. Hjálparsögnum, tengisögnum og aðalsögnum er stundum sleppt í setningum Eddu, Hildar og Þórs. Gerð var tilraun til þess að lýsa þessum setningum og setja fram kenningu um ástæðu þess að börnin sleppa sögnunum. Að lokum var fjallað um þátíðarmyndun sagna í barnamáli og litið á þátíð sagna í máli Þórs.

Helstu niðurstöður þessarar athugunar á setningafræðilegri kunnáttu Eddu, Hildar og Þórs eru að þau eru enn á nafnháttarstigi í máltöku. Börnin þekkja stöðu sagna í setningum, hafa sagnir í nafnhætti innan sagnliðarins en beita sagnfærslu í beygingarliðinn þegar sögnin er persónubeygð. Börn sem ganga í gengum eðlilega máltöku eru um þriggja ára aldur þegar þau eru á þessu stigi. Þetta bendir til þess að setningafræðileg kunnátta Eddu, Hildar og Þórs sé svipuð og setningafræðileg kunnátta barna um þriggja ára aldur. Niðurstöður leiða einnig í ljós að börnin eiga erfitt með að nota málfræðileg kerfisörð, t.d. hjálparsagnir, forsetningar og önnur smáorð. Hjálparsögnum og forsetningum er því oft sleppt í setningum þeirra. Þór myndar nokkrar setningar með persónubeygðri sögn í þátíð, bæði veikar og sterkar sagnir, og er því kominn lengra í máltökunni en Edda og Hildur. Edda myndar einungis setningar með sögn í nafnhætti en Hildur myndar persónubeygðar sagnir í nútíð. Þátíðarmyndun í máli Þórs virðist vera öðruvísi en í máli barna með eðlilega máltöku. Þór myndar þátíð nokkurra veikra sagna rétt en alhæfir ekki eina þátíðarendingu veikra sagna. Þátíð tveggja sterkra sagna er mynduð rétt í máli Þórs en annars hefur hann sagnir í nafnhætti. Þór virðist þó alhæfa boðhátt og skeytir stundum háttarendingunni *-u* aftan á sagnir í þátíð.

Af þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að íslensk börn með Downs-
heilkenni séu töluvert seinni að tileinka sér reglur um setningamyndun en börn sem
ganga í gegnum eðlilega máltöku. Setningafræðilegri kunnáttu Eddu, Hildar og Þórs
svipar til kunnáttu barna um þriggja ára aldur en miðað við aldur þeirra benda þessar
niðurstöður til margra ára seinkunar í málþroska. Málfræðileg kerfisörð og tíð sagna
virðist einnig lærast hægt, rétt eins og erlendar rannsóknir á börnum með Downs-
heilkenni hafa sýnt.

Heimildir

Anna Björg Aradóttir, Arnar Haussin, Guðlaug Torfadóttir, Hildur Harðardóttir, Jón Jóhannes Jónsson og fleiri. 2010. *Fósturskimun og fósturgreining á meðgöngu. Upplýsingar um fósturskimun og fósturgreiningu*. Gefið út í samstarfi við Landlæknisembætti, Heilsugæslu miðstöð mæðraverndar og Landspítala Háskólasjúkrahús.

Annerén, Göran, Íréne Johansson, Inga-Lill Kristiansson og Friðrik Sigurðsson. 2000. *Downs-heilkenni*. Þjaxi ehf., Reykjavík.

Batshaw, Mark L. 2007. Genetics and Developmental Disabilities. Í Mark L. Batshaw, Luis Pellegrino og Nancy J. Roizen (ritstj.): *Children with Disabilities*, bls. 3-22. Paul H. Brooks, Baltimore.

Batshaw, Mark L., Bruce Shapiro og Michaela Farber. 2007. Development Delay and Intellectual Disability. Í Mark L. Batshaw, Luis Pellegrino og Nancy J. Roizen (ritstj.): *Children with disabilities*, bls. 245-262. Paul H. Brookes, Baltimore.

Carlson, Jane I. og Christopher E. Smith. 1999. „Finding the Reason for Problem Behavior and Planning Effective Interventions.“ Í Terry J. Hassold og David Patterson (ritstj.): *Down Syndrome. A Promising Future, Together*, bls. 115-125. Wiley-Liss, New York.

Carr, Janet. 1995. *Down's syndrome. Children growing up*. University Press, Cambridge.

Chapman, Robin S., H.K. Seung, S. E. Schwartz og E. Kay-Raining Bird. 1998. Language skills of children and adolescents with Down syndrome: II. Production deficits. *Journal of Speech, Language, and Hearing Research*, 41: 861-873.

- Cohen, William I. og Bonnie Patterson. 1999. Neurodevelopmental Disorders in Down Syndrome. Í Terry J. Hassold og David Patterson (ritstj.): *Down Syndrome. A Promising Future, Together*, bls. 45-51. Wiley-Liss, New York.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði: kennslukver handa nemendum á háskólastigi*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Ester Sighvatsdóttir og Sigríður Magnúsdóttir. 2004. Málþroskaraskanir í málfræðilegu samhengi: skilningur og viðmið. *Talfræðingurinn* 18:16-18.
- Goodluck, H. 1991. *Language Acquisition: A Linguistic Introduction*. Blackwell, Oxford.
- Gillham, B. 1979. *The first words language programme: A basic language programme for mentally handicapped children*. Allen and Unwin, London.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði, Íslensk tunga II*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Hesketh, L.J. og Robin S. Chapman. 1998. Verb use by individuals with Down syndrome. *American Journal on Mental Retardation*, 103: 288-304.
- Hildur Harðardóttir 2001. Greining á fósturgöllum snemma á meðgöngu. *Læknablaðið* (fylgirit 42) 87: 36-37.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. 1998. Að læra þátíð sagna. Í Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson og Örnólfur Thorsson (ritstj.): *Greinar af sama meiði helgaðar Indriða Gíslasyni sjötugum*, bls. 255-275. Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*, Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- _____. 1999. *Íslensk setningafræði*, bls. 153. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

- _____. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði, Íslensk tunga III*, Almenna bókfélagið, Reykjavík.
- Jóhann H. Jóhannsson. 2001. Litningarannsóknir til fósturgreiningar. *Læknablaðið* (fylgirit 42) 87: 451-453.
- Karmiloff, Kyra og Annette Karmiloff-Smith. 2001. *Pathways to language: from fetus to adolescent*. Harvard University Press, Cambridge.
- Landspítali. 2008. *Fæðingaskráning fyrir árið 2008*. Sótt 10. febrúar 2011 af <http://www.landlaeknir.is/Pages/1106>
- Miller, Jon F., Mark Leddy og Lewis A. Leavitt. 1999. Introduction. The Communication Challenges that People with Down Syndrome Face. Í Jon F. Miller, Mark Leddy og Lewis A. Leavitt (ritstj.): *Improving the Communication of People with Down Syndrome*, bls. 1-8. Paul H. Brooks, Baltimore.
- Miller, Jon F. 1989. Speech and language performance in children with Down syndrome. *Human Development and Mental Retardation*. John F. Kennedy Center for Research on Education and Human Development, Maryland.
- _____. 1999. Profiles of Language Development in Children with Down Syndrome. Í Jon F. Miller, Mark Leddy og Lewis A. Leavitt (ritstj.): *Improving the Communication of People with Down Syndrome*, bls. 11-40. Paul H. Brooks, Baltimore.
- Oliver, Bonamy og Sue Buckley. 1994. The first language development of children with Down's syndrome: First words to two-words phrases. *Down Syndrome Research and Practice*, 2: 71-75.

- Roberts, Joanne E., Johanna Price og Cheryl Malkin. 2007. Language and Communication Development in Down Syndrome. *Mental Retardation and Development Disabilities Research Reviews*, 13: 26-35.
- Roizen, Nancy J. 2002. Down Syndrome. Í Mark L. Batshaw (ritstj.): *Children with Disabilities*, bls. 307-320. Paul H. Brooks, Baltimore.
- _____. 2007. Down Syndrome. Í Mark L. Batshaw, Luis Pellegrino og Nancy J. Roizen (ritstj.): *Children with Disabilities*, bls. 263-274. Paul H. Brooks Publishing CO., Baltimore.
- Rondal, Jean A. 2006. Language difficulties in Down syndrome: Lifespan perspective and remediation principles. *Publications*. Sótt 12. janúar 2011 af www.jeanarondal.com
- Rutter, Turid og Sue Buckley. 1994. The Acquisition of grammatical morphemes in children with Down's syndrome. *Down Syndrome Research and Practice*, 2: 76-82.
- Sigríður Magnúsdóttir. 2005. Málstol og málfræðistol. Í Höskuldur Þráinsson (ritstj.): *Setningar. Handbók um setningafræði, Íslensk tunga III*, bls. 656-670. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 1986. Beyging í máli íslenskra barna: Drög að beygingarprófi eftir Höskuld Þráinsson og Sigríði Magnúsdóttur lögð fyrir 31 barn á aldrinum þriggja til átta ára. Prófrítgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- _____. 2000. Nokkur orð um máltöku barna. *Uppeldi: Tímarit um börn og fleira fólk* 13:30-33.
- _____. 2001. Máltaka barna. Í Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson (ritstj.): *Alfræði íslenskrar tungu*. Lýðveldissjóður/Námsháskóla, Reykjavík. [Margmiðlunardiskur]

- _____. 2002. Hjóðþróun í máltöku barna. *Talfræðingurinn* 16:6-10.
- _____. 2004. Mamma verpa egg! Setningamyndun ungra barna. *Talfræðingurinn* 18:8-11.
- _____. 2005. Máltaka og setningafræði. Í Höskuldur Þráinsson (ritstj.): *Setningar. Handbók um setningafræði, Íslensk tunga III*, bls. 636-655. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- _____. 2008. Hvernig viltu dúkku? Tilbrigði í máltöku barna. *Ritið* 3:35-51.
- Sólveig Sigurðardóttir. 2001. Downsheilkenni, klínisk einkenni og nýgengi á Íslandi. *Læknablaðið* (fylgirit 42) 87: 15-19.
- Winders, Patricia C. 1997. *Gross motor skills in children with Down syndrome: a guide for parents and professionals*. Woodbine House, USA.